

Íslenska 7.bekkur

Talað mál, hlustun og áhorf

Hæfniviðmið

Að nemandi:

- tjái sig skýrt og áheyrilega
- flytji laust og bundið mál upphátt, með viðeigandi áherslum og túlkun
- og haldi athygli áheyrenda
- geti endursagt það sem hann hefur lesið eða heyrt
- sé fær um að taka virkan þátt í samræðum og rökræðum og fylgja
- viðeigandi reglum
- geti hlustað af athygli og geti nýtt sér upplýsingarnar í töluðu máli.

Kennsluhættir

Nemendur koma fram og tjá sig fyrir framan hóp. Þeir flytja ýmis konar texta, t.d. ljóð og bókmenntatexta. Fundarsköp eru kennd og nemendur þjálfaðir í að tala og lesa hátt og áheyrilega. Nemendur fá efni til að endursegja og rökstyðja. Markviss þjálfun fer fram í tengslum við Stóru upplestrarkeppnina sem allir nemendur bekkjarins taka þátt í.

Námsefni

Fjölbreyttir bókmenntatextar og ljóðabækur, s.s. Ljóðspor og Ljóðspeglar. Rafrænt efni úr Stóru upplestrarkeppnum fyrri ára ofl.

Námsmat

Kennaramat byggt á matsreglum Stóru upplestrarkeppninnar.

Lestur og bókmenntir

Hæfniviðmið

Að nemandi:

- sé orðinn vel læs og hafi öðlast góðan lesskilning og fjölbreyttan orðaforða
- geti notið þess að hlusta á upplestur og frásagnir
- hafi lesið fornar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum
- hafi lesið leikþætti og lært nokkur valin ljóð

- þekki nokkur bókmenntafræðileg hugtök til að fjalla um bókmenntir og ljóð, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, samlíkingu og boðskap
- geti aflað upplýsinga úr bókum, margmiðlunarefni og af netinu og unnið úr þeim
- geti unnið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum
- geti valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.

Kennsluhættir

Unnið er með fjölbreytta bókmenntatexta og verkefni í tengslum við þá. Námsefnið Vanda málið – minnsta málið er aðallega notað til þess en einnig skáldsögur og ýmsir lestextar. Nemendur fá fræðslu um ólík hugtök í bókmenntum og þjálfun við að leita sér upplýsinga í bókum og á netinu. Skáldsagan Benjamín dúfa er lesin og fleiri lestrarbækur. Fjölbreytt íslenskuverkefni eru síðan unnin í tengslum við þessar bækur.

Námsefni

Vanda málið – minnsta málið, lesbækur 1 og 2, Málrækt 3, Benjamín dúfa, Ljóðspor, Ljóðspeglar, Á ögurstundu, Stöngin inn, ýmis lesskilningsverkefni og efni af netinu í tengslum við Stóru upplestrarkeppnina.

Námsmat

Lestrarpróf og kennaramat í framsögn. Lesskilningsverkefni og - kannanir.

Ritun

Hæfniviðmið

Að nemandi

- hafi náð valdi á helstu atriðum stafsetningar og nokkurri færni í greinarmerkjasetningu
- geti dregið út aðalatriði og endursagt efni úr ræðu og riti
- geti skipulagt og orðað texta á þann hátt sem hæfir efni, til dæmis frásagnir, lýsingar, fréttir og fyrirmæli
- hafi fengist við skapandi skrif og samið sögur, ljóð og leikþætti

Kennsluhættir

Unnið er með æfingar sem þjálfu stafsetningu og nemendur vinna ritunarverkefni eftir ákveðnum fyrirmælum og einnig er frjáls ritun. Nemendur vinna fjölbreytt ritunarverkefni í bekkjarbækur þar sem farið er í mismunandi stíla í ritun.

Námsefni

Vanda málið - minnsta málið, Finnbjörg, Málrækt 3, efni af netinu ofl.

Námsmat

Símat, ritunarverkefni í bekkjarbók og stafsetningarpróf.

Málfræði

Hæfniviðmið

Að nemandi

- geri sér grein fyrir eigin máli og hafi skilning á gildi þess að bæta það
- noti fjölbreyttan orðaforða í ræðu og riti og geri sér grein fyrir margræðni orða
- geti nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun og stafsetningu
- kunni að fletta upp orðum eftir stafrófsröð og að nýti sér upplýsingar í orðabókum
- átti sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð
- þekki helstu einkenni orðflokka og beygingarform þeirra, svo sem kyn, tölu, fall, stigbreytingu, nútíð, þátíð og nafnhátt
- þekki mun orðtaka og málshátta og hafa náð nokkurri leikni í að beita þeim
- skilji að málfræðiþekking nýtist í tungumálanámi

Kennsluhættir

Einstaklings- og hópinnlagnir í ýmsum málfræðiatríðum og lögð fyrir verkefni og próf tengd þeim. Vinna í ýmsum vinnubókum í íslensku.

Námsefni

Vanda málið – minnsta málið. Lesbók og vinnubækur 1 og 2. Finnbjörg, Málrækt 3 og ýmis verkefni af netinu.

Námsmat

Nokkrar málfræðikannanir yfir veturinn úr námsefninu.

Stærðfræði 7. bekkur

Hæfniviðmið í stærðfræði eru hér sett fram í níu flokkum þar sem fyrstu þrjú eru almenn viðmið um stærðfræðilega hæfni en hinir flokkarnir snúa að hæfni á ólíkum sviðum stærðfræðinnar.

Að geta spurt og svarað með stærðfræði

Að nemandi:

- Geti tjáð sig um stærðfræði, útskýrt hugsun sína um hana fyrir öðrum, leitað lausna og sett stærðfræðileg viðfangsefni fram á fjölbreyttan hátt með því að beita skapandi hugsun og ígrundun.
- geti spurt og tjáð sig bæði skriflega og munnlega um spurningar úr stærðfræðinni.

Að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar

Að nemandi:

- Geti notað hugtök og táknmál stærðfræðinnar og hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum og tjáð sig bæði munnlega og skriflega um lausnir stærðfræðiverkefna.

Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

Að nemandi:

- Geti unnið einn og í samvinnu við aðra að því að rannsaka, greina, túlka, setja fram tilgátur og finna lausnir á viðfangsefnum, sem tengjast samfélagi og umhverfi með fjölbreyttum aðferðum.
- Geti kynnt niðurstöður sínar á stærðfræðiverkefnum og einnig lesið og lagt mat á stærðfræðitexta.

Tölur og reikningur***Hæfniviðmið***

Að nemandi:

- lesið og skrifað jákvæðar og neikvæðar tölur
- geti notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum
- geti rætt um gildi talna og mikilvægi þeirra við upplýsingagjöf

- geti lesið úr tölulegum gögnum og dregið rökstuddar ályktanir af þeim
- kunni að beita stærðfræði til að leysa viðfangsefni daglegs lífs
- geti beitt ýmsum talningaraðferðum til að átta sig á fjölda og kunni skil á skráningu á bókhaldsfærslum
- geti sýnt vald á reiknaðgerðum og valið hentugar leiðir við reikning.

Mynstur og algebra

Hæfniviðmið

Að nemandi:

- geti rannsakað talnamynstur í því skyni að segja fyrir um framhald þess og fundið almenna reglu
- geti notað bókstafi fyrir óþekktar stærðir í einföldum stæðum og jöfnum
- geti leyst einfalda jöfnu með einni óþekktri stærð
- geri sér grein fyrir helstu undirstöðureglum algebru

Rúmfræði og mælingar

Hæfniviðmið

Að nemandi:

- kunni skil á algengustu hugtökum rúmfræði s.s. punkti, samsíða og hornréttum línunum, grannhornum og topphornum, flatarmyndum og hugtökum þrívíðrar rúmfræði
- kunni skil á aðferðum varðandi mælingu flatarmynda og þrívíðra hluta
- þekki undirstöðuhugtök hnitarúmfræði og geti notað þau
- kannist við nokkrar tegundir af rúmfræðilegum færslum og kunni að notfæra sér þær
- þekki stækkanir og smækkanir og hlutfalls-mælikvarða, t.d. á landabréfum
- þekki flutninga, svo sem hliðranir, speglaðir og snúninga um helming og fjórðung úr hring.
- kynnist algengum mælieiningum sem notaðar eru við rúmmáls-mælingar, s. s. rúmsentímetrum, rúmmetrum, l, dl og ml og kunni að nota þær
- kynnist tengslum milli rúmsentímetra og lítra og desílítra
- beri skyn á rúmmálsstærðir.

Tölfræði og líkindi

Hæfniviðmið

Að nemandi:

- kynnist hugtökunum gagnasafn, tíðni og tíðasta gildi
- geti fundið miðgildi og meðaltal fyrir gagnasafn
- safni gögnum og skrái upplýsingar í töflur og myndrit
- kynnist punktaritum, þjálfist í að lesa úr þeim og túlka niðurstöður
- túlki upplýsingar sem birtar eru með myndritum og dragi af þeim ályktanir
- geti reiknað út líkur í einföldum tilvikum
- geti leitað upplýsinga í tölvuunnu gagnasafni unnið úr þeim og geti dregið ályktanir af niðurstöðum sínum
- kynnist því að myndræn framsetning getur gefið rangar og misvísandi upplýsingar.

Brot

Hæfniviðmið

Að nemandi:

- öðlist tilfinningu fyrir stærð brota og geti nýtt sér margs konar líkön við brotareikning
- beri saman almenn brot og tugabrot
- geti skráð sama brotið bæði sem almennt brot og tugabrot
- viti hvenær tvö almenn brot eru jafnstór, geti stýtt og lengt almenn brot og fundið samnefnara brota
- geti lagt saman og dregið frá ósamnefnd brot með því að nota líkön
- kunni að nota talnalínu við margföldun og deilingu heillar tölu með broti
- þjálfist í að reikna með tugabrotum.

Hlutföll og prósentur

Hæfniviðmið

Að nemandi:

- skilji hvað orðið prósentu þýðir
- geti fundið 1%, 5%, 10%, 25% og 50% af heild og geti nýtt sér það til að finna heiltöluprósentur af heild
- skilji hvað prósentuhækkun og prósentulækkun þýðir og geti reiknað dæmi þar sem finna á afslátt af vöruverði

- þekki tengsl prósentu við almenn brot og tugabrot og geti nýtt sér almenn brot og tugabrot sem viðmiðun þegar finna á einfaldar prósentur eins og 10%, 20%, 25%, 50% og 75%
- kannist við hlutföll milli stærða og geti notað þau við útreikninga í einföldum hagnýtum dæmum.

Kennsluhættir

Nemendur vinna sjálfstætt verkefni úr stærðfræðibókum, einstaklings- og hópainnlagnir, verklegir tímar, hópaverkefni, hringekjur, útikennsla, námsspil.

- **Námsefni**
- Stika 3a og 3b, nemendabækur og æfingahefti
- efni af vefnum
- þjálfunarforrit í tölvu
- ipad - smáforrit
- kortabók

Námsmat

Stoppkannanir eru teknar reglulega úr hverjum kafla fyrir sig úr námsefninu Stiku 3a og 3b. Vinnubækur og vinnusemi í tímum er einnig metin.

Enska 7. bekkur

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið enskukennslunnar skiptast í eftirfarandi flokka: Hlustun, lesskilning, talað mál – samskipti, frásögn, ritun, menningarlausni og námshæfni.

Hlustun

Að nemandi:

- skilji í megindráttum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti
- skilji í stórum dráttum aðgengilegt fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt
- geti hlustað eftir nákvæmisatriðum þegar þörf krefur
- skilji algengustu orðasambönd og orðatiltæki í daglegu máli, ýmsar upplýsingar, fyrirmæli og leiðbeiningar tengdar daglegu lífi.

Lesskilningur

Að nemandi:

- skilji megininntak í aðgengilegum stuttum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra
- geti fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu
- geti lesið sér til gagns og gamans auðlesnar smásögur, skáldsögur, frásagnir og fræðsluefni ætlað börnum og unglingum
- skilji einfaldar leiðbeiningar, t.d. leiðarvísa og kunni að nýta sér einföld orðasöfn.

Talað mál – samskipti

Að nemandi:

- geti tekið þátt í samtölum um daglegt líf sitt og áhugasvið
- geti bjargað sér við algengar aðstæður í daglegu lífi, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum
- geti notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum, tekið þátt í umræðum, tekið og veitt viðtal og fjallað um lesið efni.

Talað mál – frásögn

Að nemandi:

- geti sagt á skýran hátt frá daglegu lífi sínu og nánasta umhverfi
- geti sagt í aðalatriðum frá því sem hann hefur lesið eða heyrt með stuðningi gátlista, tónlistar, mynda o.s.frv.
- geti lýst í megindráttum því sem hann hefur reynt og upplifað og gefið einfaldar upplýsingar og leiðbeiningar
- geti flutt undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu, flutt leikrit, sögu o.s.frv. einn eða í samvinnu við aðra.

Ritun

Að nemandi:

- geti skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir, eftir fyrirmyndum eða fyrirfram gefnum fyrir mælum
- geti beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt, notað algengustu tengiorð og greinarmerki og sýnt fram á allgóð tök á daglegum orðaforða og orðaforða sem unnið hefur verið með.
- geti skrifað ýmiss konar textagerðir, t.d. póstkort, texta við myndasögur, tölvupóst, sögu eða ljóð þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín.

Menningarläsi og námshæfni

Að nemandi

- þekki til siða og hefða í menningu nokkurra enskumælandi landa, s.s. Bretlandi og Bandaríkjunum. Þetta eru t.d. siðir og hefðir sem tengjast fjölskyldu, skóla, frítíma, hátíðum og daglegu lífi. Nemandi átti sig á hvað er líkt eða ólíkt því sem tíðkast í hans eigin menningu
- geti sýnt fram á að hann átti sig á skyldleika ensku við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann era ð læra
- geti sett sér markmið og lagt mat á námsframvindu með stuðningi frá kennara ef með þarf
- nýtt sér hjálpartæki, s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.

Kennsluhættir

Í 7. bekk er megináhersla lögð á þætti sem snerta daglegt líf nemenda, þ.e. að nemendur geti tjáð sig munnlega um það sem snertir þá persónulega eða lýtur að áhugasviði þeirra og skilji þegar talað er skýrt um kunnuglegt efni. Unnið er með námsefnið Action sem tengist áhugasviði margra nemenda og hægt er að tengja það þemaverkefnum vetrarins.

Hlustun. Nemendur vinna fjölbreytt hlustunarverkefni úr Action bókunum. Einnig verður horft á myndbönd og spiluð tónlist sem tengist námsefninu og þemum úr köflum bókarinnar. Kennarar nota enskuna sem mest þegar gefin eru fyrir mæli og leiðbeiningar og nemendur eru hvattir til að tjá sig sem mest.

Lesskilningur. Nemendur vinna að mestu í Action les- og vinnubókum. Verkefni eru ýmist unnin einstaklingslega eða í hópavinnu. Nemendur lesa einnig skáldsögur sem hæfa getustigi þeirra og skila ritunarverkefnum úr þeim.

Talað mál. Nemendur hlusta á lög á ensku, syngja með og fara í marga skemmtilega leiki þar sem nemendur nota tungumálið. Verkefni og samtalsæfingar eru ýmist unnin í hópum eða í pörum.

Ritun. Skriflegar æfingar í vinnubækurnar Action A og B, verkefni í Write Right, orðablóm og glósur. Einnig eru unnin fjölbreytt ritunarverkefni, s.s. póstkort, stuttar ritgerðir tengdar léttlestrarbókum ofl.

Námsefni

Lesbókin Action, vinnubækurnar Action A og B, Write Right vinnubók 1, hlustunarefni, leikir og söngvar úr námsefninu Action. Skáldsögur, söngtextar og tónlist ásamt ýmsum verkefnum frá kennara og fjölbreytt efni af netinu. Leikir og söngvar eru mikið notaðir til að vekja áhuga og hvetja nemendur til að vera óhræddir við að tjá sig á tungumálinu.

Námsmat

Símat er yfir skólaárið þar sem ákveðnir þættir eru metnir hverju sinni. Lögð eru fyrir verkefni til að meta stöðu og kunnáttu nemenda. Könnuð er staða nemenda með skriflegum prófum, hlustunaræfingum og munnlegum prófum. Frammistaða og virkni nemenda í tímum er metin sem og vinnubækur nemenda og glósur.

Heimavinna

Nemendur vinna heimavinnu flestar vikurnar en einnig er ætlast til af nemendum að þeir klári heima það sem þeir ná ekki í kennslustundum. Heimavinnan tengist oftast les- eða vinnubókunum Action eða Write Right.

Tímafjöldi

Kennt er tvisvar sinnum í viku, í klukkutíma í senn.

Danska 7. bekkur

Hæfniviðmið

Hlustun

Að nemandi:

- geti skilið talað mál um efni er varðar hann sjálfan, áhugamál hans og daglegt líf þegar talað er á skýrt og áheyrrilega
- geti skilið aðalatriði í einföldum samtölum tveggja í þar til gerðum
- hlustunaræfingum
- geti greint heiti og einstök orð, án þess að skilja nákvæmlega, þegar
- talað er á einföldu máli um viðfangsefnið
- geti skilið einfaldar leiðbeiningar og upplýsingar, t.d. í tali kennara, sem
- varðar umgengni í skólastofu og ýmsar lýsingar um kunnuglegar aðstæður

Lesskilningur

Að nemandi:

- geti lesið sér til gagns og ánægju auðlesna texta af ýmsum gerðum sem innihalda algengan orðaforða, t.d. um daglegt líf, þekktar aðstæður og áhugamál ungs fólks
- geti skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi, t.d. af myndum
- geti fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu
- geti lesið sér til gagns stuttar, einfaldar bækur, tímarit og fræðsluefni fyrir börn og unglunga og rætt efni þeirra með stuðningi kennara eða samnemenda sinna.

Talað mál – samskipti

Að nemandi:

- geti spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst, orðaforða tengdan fjölskyldu, áhugamálum, vinum o.s.frv.
- geti skipst á upplýsingum og skoðunum við kennara og samnemendur um efni tengt náminu
- geti tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar

Talað mál – frásögn

Að nemandi:

- geti sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt
- geti endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv.
- geti flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa

Ritun

Að nemandi:

- geti skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista
- lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi
- geti skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst
- geti samið stuttan texta frá eigin brjosti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv.

Meningarlæsi og námshæfni

Að nemandi

- kunni skil á ýmsum þáttum sem snúa að daglegu lífi í Danmörku, s.s. fjölskyldu, skóla, frítíma og hátíðum og áttað sig á hvað er líkt eða ólíkt því sem tíðkast í hans eigin menningu
- sett sér einföld markmið og lagt mat á námsframvindu með stuðningi frá kennara ef með þarf
- geti nýtt sér hjálpartæki, s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.

Kennsluhættir

Dönskukennslan miðast við að byggja upp orðaforða nemenda með hlustun, lestri, töluðu máli og ritun. Þar sem nemendur eru að hefja dönskunám er haft að leiðarljósi að fjalla fyrst um þá þætti sem standa nemendum næst, þ.e. um þá sjálfa, nánasta umhverfi þeirra, skólann, fjölskylduna, áhugamál, uppáhaldsmatinn, gæludýr, íþróttir o.s.frv. Stefnt er að því að vekja áhuga nemenda á dönsku og kynna fyrir þeim danska menningu og siði. Leitast er við að hafa kennsluhætti sem fjölbreyttasta. Verkefni eru unnin bæði sem einstaklingsverkefni og í hópavinnu. Leikir og söngvar eru mikið notaðir til að vekja áhuga og hvetja nemendur til að vera óhræddir við að tjá sig á tungumálinu. Þeir eru mjög hentugir í byrjendakennslu.

Hlustun: Nemendur vinna hlustunarverkefni úr Start og Smart bókunum. Spiluð er dönsk tónlist fyrir nemendur þar sem þeir fylla inn í eyðurnar. Kennarinn gefur fyrirsmæli og leiðbeiningar á dönsku og hvetur nemendur til að tjá sig.

Lesskilningur: Nemendur vinna að mestu í Start og Smart les- og vinnubókum. Verkefnin eru ýmist unnin einstaklingslega eða í hópavinnu.

Talað mál: Nemendur hlusta á dönsk lög og syngja með og farið er í marga skemmtilega leiki þar sem nemendur nota tungumálið. Verkefni og samtalsæfingar eru ýmist unnin í hópum eða í pörum.

Ritun: Skriflegar æfingar í vinnubækurnar Start og Smart, orðablóm og glósur. Einnig eru gerðar skriflegar æfingar þar sem nemendur skrifa ýmis styttri ritunarverkefni og póstkort. Lögð fyrir verkefni til að meta stöðu og kunnáttu nemenda.

Námsefni

Lesbækurnar Start og Smart, vinnubækurnar Start og Smart. Hlustunarefni, leikir og söngvar úr námsefninu Start og Smart. Söngtextar og tónlist ásamt ýmsum verkefnum frá kennara og fjölbreytt efni af netinu. Leikir og söngvar notaðir til að vekja áhuga og hvetja nemendur til að vera óhræddir við að tjá sig á tungumálinu.

Námsmat

Símat er yfir skólaárið þar sem ákveðnir þættir eru metnir hverju sinni. Lögð eru fyrir verkefni til að meta stöðu og kunnáttu nemenda. Könnuð er staða nemenda með skriflegum prófum, hlustunaræfingum og munnlegum prófum. Frammistaða og virkni nemenda í tímum er metin sem og vinnubækur nemenda og glósur. Í lok vetrar er svo heildarmat gefið fyrir veturinn en þar koma fram öll þau markmið sem metin voru, vinnubækur og vinnusemi.

Heimavinna

Nemendur vinna heimavinnu flestar vikurnar en einnig er ætlast til af nemendum að þeir klári heima það sem þeir ná ekki í kennslustundum. Heimavinnan tengist oftast les- eða vinnubókunum Start og Smart.

Tímafjöldi:

Kennt er tvisvar sinnum í viku, í klukkutíma í senn.

Þemu 7. bekkur

Náttúrugreinar eru kenndar í þemum í skólanum. Í 7. bekk eru tekin fyrir nokkur þemaverkefni sem hvert fyrir sig eru kennd í 3-5 vikur. Í þemaverkefnum eru tveir flokkar hæfniviðmiða samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla hafðir til hliðsjónar en þeir skiptast í hæfniviðmið um verklag annars vegar og hins vegar úr völdum viðfangsefnum. Í flestum þemaverkefnum eru verklag og lýðræðisleg vinnubrögð hluti af kennslunni og námsmatið tekur mið af því.

Hæfniviðmið um verklag

Að nemandi:

- geti greint og sagt frá hvernig tækninotkun og sjálfvirkni getur aukið eða dregið úr lífsgæðum íbúa og umhverfi þeirra
- geti greint þarfir fólks í nánasta umhverfi sínu og tjáð hugmyndir sínar um lausnir
- geti rætt mikilvægi samvinnu í samstilltum aðgerðum sem varða eigið umhverfi
- geti tekið afstöðu til málefna sem varða heimabyggð með því að vega og meta ólíka kosti.

Nýsköpun og hagnýting þekkingar

Að nemandi:

- geti fjallað um þekktar tækninýjungar eða vísindauppgötvanir og áhrif þeirra á atvinnuhætti og mannlíf í heimabyggð, umhverfi og náttúru
- geti unnið undir leiðsögn í hópi eftir verkskiptri tímaáætlun við að hanna umhverfi, hlut eða kerfi.

Gildi og hlutverk vísinda og tækni

Að nemandi:

- geti gert sér grein fyrir mikilvægi gagna og líkana við að útskýra hluti og fyrirbæri
- geti lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum
- geti útskýrt áhrif tækni og vísinda á líf fólks
- geti tengt þekkingu og beitingu vinnubragða í náttúrufræðinámi við lausn annarra verkefna og útskýrt hugsanleg áhrif nýjustu tækni og vísinda á vísindalega þekkingu.

Vinnubrögð og færni

Að nemandi:

- geti framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni
- geti útskýrt texta um náttúruvísindi sér til gagns og farið eftir einföldum, munnlegum og skriflegum leiðbeiningum
- geti aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi úr efni á öðru tungumáli en íslensku
- geti beitt vísindalegum vinnubrögðum við öflun einfaldra upplýsinga innan náttúruvísinda og útskýrt ferlið
- geti kannað áreiðanleika heimilda með því að nota bækur, Netið og aðrar upplýsingaveitur
- geti sett fram og rætt niðurstöður athugana á skýran og skipulegan hátt
- geti hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra.

Ábyrgð á umhverfinu

Að nemandi:

- geti tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði íbúa
- geti lýst dæmum af áhrifum af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð og á Íslandi, sagt frá hugsanlegri þróun í framtíðinni
- geti tekið þátt í að skoða, skilgreina og bæta eigið umhverfi og náttúru.

Líkaminn

Hæfniviðmið

Að nemandi:

- þekki líffærakerfi mannlíkamans s.s. hjarta og æðakerfi, öndunarferi, húð, bein og liði, heila og taugakerfi, vöðva, sjón, heyrn og bragð
- geri athuganir á eigin líkama, s.s. mæli púls, öndun, skynjun húðar, viðbragð heyrnar og athugi skynvillur
- þekki varnir líkamans þ.m.t. myndun ónæmis gegn sjúkdómsvöldum
- geti útskýrt tengsl heilbrigðis og þess sem borðað er
- geti útskýrt lífsskilyrði manna og helstu áhættuvalda í umhverfinu

- geri sér grein fyrir að líkami mannsins tekur stöðugum breytingum frá fæðingu til dauða
- geti lýst breytingum sem verða við kynþroskaaldur og gert sér grein fyrir mikilvægi gagnkvæmrar virðingar í samskiptum kynjanna.

Veður

Hæfniviðmið

Að nemandi:

- geti gert grein fyrir notkun manna á auðlindum
- geti framkvæmt og lýst eigin athugunum á jarðvegi, veðrun, rofi og himingeimnum og hafi kynnist umræðunni um áhrif veðurfars á líðan fólks
- geti lýst veðri í heimabyggð og loftslagi á Íslandi
- geti lýst og útskýrt hvernig orka í íslensku umhverfi getur breytt um mynd
- geti útskýrt hvar og af hverju helstu náttúruhamfarir verða, sem búast má við á Íslandi
- geti tekið þátt í að skoða, skilgreina og bæta eigið umhverfi og náttúru
- geti útskýrt innbyrðis afstöðu sólar og jarðar og hvernig hreyfing þeirra tengist árstíða- og dægraskiptum
- geti notað kort, gervihnatta- og loftmyndir af yfirborði jarðar til að lýsa landinu og völdum svæðum heimsins
- kynnist tengslum listsköpunar og veðurs í sem flestum listformum
- geti samið tónverk sem túlkar ákveðið veður eða tilfinningu
- geti leikið á hljóðfæri í frumsömdu tónverki
- geti fylgt stjórnanda í hljóðfæraleik.

Saga

Hæfniviðmið

Að nemandi:

- geti rætt á upplýstan hátt um tímabil, atburði og persónur úr sögunni, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu
- hafi gert sér nokkra mynd af Rómaveldi, umfangi þess, kennileitum og borgarlífi

- geri sér grein fyrir uppruna og útbreiðslu kristni í Rómaveldi, þýðingu Rómar í því sambandi og hvernig hún barst norður á bóginn
- viti hvernig kristni festir rætur á Íslandi
- skapi sér mynd af mannlífi í Rómaveldi með því að leita upplýsinga á netinu og víðar um líf og list í Pompei
- geri sér grein fyrir umfangi rómverska veldisins þegar það var sem stærst, t.d. með því að skoða kort eða aðra myndræna miðla
- þekki til Ágústusar keisara og tengsla hans við jólaguðspjallið
- kynnist nokkrum kennileitum rómverska ríkisins, s.s. byggingum og borgum
- komist að því hvernig kristnin skaut rótum í Rómaveldi
- hafi vanist mismunandi leiðum við að tjá söguþekkingu sína og -skilning og kunni að velja á milli þeirra, s.s. í rökræðu, frásögn, ritgerð, á netsíðum, á myndrænan hátt og með leikrænni tjáningu

Einstaklingsverkefni

Hæfniviðmið

Að nemandi:

- geti tjáð sig skýrt og áheyrilega
- geti flutt laust og bundið mál upphátt, með viðeigandi áherslum og túlkun og haldið athygli áheyrenda
- geti endursagt með skipulögðum hætti það sem hann hefur lesið eða heyrt
- geti nýtt sér myndefni og margmiðlunarefni með gagnrýnum hætti til fróðleiks og skemmtunar
- geti gert grein fyrir skoðunum sínum og rökstutt þær
- geti notið bókmennta- og afþreyingarefnis, upplestrar, leiksýninga og songs
- kunni að hlusta og taka eftir og geta nýtt sér upplýsingar í töluðu máli
- kunni að ganga frá texta og geta nýtt sér stafsetningarorðabækur, leiðréttingarforrit og önnur hjálpargögn við ritun
- hafi öðlast öryggi við að tjá hugmyndir sínar og reynslu
- geti skipulagt og orðað texta á þann hátt sem hæfir efni, til dæmis frásagnir, lýsingar, fréttir og fyrirmæli
- geti dregið út aðalatriði og endursagt efni úr ræðu og riti
- geti leitað að gögnum eftir flokkunarkerfi skólasafnsins
- þekki helstu leitarmöguleika á netinu

- kunni að skipuleggja heimildavinnu; það felur í sér að nemandi geti vitnað í heimildir
- hafi unnið sjálfstætt og markvisst að öflun og úrvinnslu upplýsinga með upplýsingatækni og miðlað þeirri þekkingu til annarra á sama hátt.

Benjamín dúfa

Hæfniviðmið

Að nemandi:

- þekki og geti notað allar helstu aðferðir leikrænnar tjáningar
- sé fær um að taka á skapandi hátt þátt í mótun á leikrænu ferli
- geti í hópi notað stutta leikspuna út frá námsefni
- geti tekið þátt í að skipuleggja leikrænt ferli þar sem rými, hljóð og aðrir möguleikar leikhússins eru nýttir
- geti gert grein fyrir skoðunum sínum og rökstutt þær
- geti notið bókmennta- og afþreyingarefni, upplestrar, leiksýninga og söngs
- kunni að ganga frá texta og geta nýtt sér stafsetningarorðabækur, leiðréttingarforrit og önnur hjálpargögn við ritun
- hafi öðlast öryggi við tjá hugmyndir sínar og reynslu
- geti skipulagt og orðað texta á þann hátt sem hæfir efni, til dæmis frásagnir, lýsingar, fréttir og fyrirmæli
- geti dregið út aðalatriði og endursagt efni úr ræðu og riti

Evrópa

Hæfniviðmið

Að nemendur:

- þekki hvernig landslag álfunnar hefur myndast og mótast, t.d. áhrif plötuhreyfinga við myndun Alpafjalla og áhrif veðrunar og rofs
- læri að lýsa megindrátum í loftslagi og gróðurfari allt frá norðurheimskauti að Miðjarðarhafi og áhrifum vinda og hafstrauma þar á
- átti sig á margháttuðum menningarlegum og viðskiptalegum tengslum Íslendinga við aðrar Evrópuþjóðir, t.d. hvaða viðskiptabandalögum og sérsamningum við

eigum aðild að þekki einstök menningarsvæði í Evrópu, t.d. Norðurlönd, Eystrasaltssvæðið og Norður-Evrópu

- afli sér upplýsinga um einstök lönd eða landsvæði eftir mismunandi leiðum, t.d. með bókum, dagblöðum, tölfræðigögnum, kortum eða netinu
- fjalli um hugtök eins og ríki, land, þjóð og landamæri
- átti sig á hvað hefur áhrif á legu og vöxt einstakra búsetusvæða kynnist hvað vaxandi búseta hefur í för með sér, t.d. hvað ört vaxandi úthverfi við stórborgir þýða fyrir samgöngur og minnkað land fyrir landbúnað og ræktun
- þekki hvernig atvinnugreinar skiptast í frumvinnslu-, úrvinnslu- og þjónustugreinar
- þekki helstu gerðir orkulinda sem nýttar eru, hvar þær er að finna og hvernig þær hafa myndast
- átti sig á nauðsyn alþjóðlegrar samvinnu ríkja á sviði umhverfismála þar sem t.d. mengun og loftslagsbreytingum verða ekki sett landfræðileg mörk.

Eðli og efni

Hæfniviðmið

Að nemendur:

- geti gert grein fyrir og nefnt dæmi um efnabreytingar og hamskipti
- geri tilraunir sem sýna að hamur efnis fer eftir bræðslu- og suðumarki þess
- geri fjölbreyttar athuganir þar sem áhrif hita á efni eru könnuð, s.s. að bræða, sjóða, leysa upp, athuga hitaþenslu
- geri sér grein fyrir, t.d. með aðstoð frumeindalíkana, að allt efni er gert úr frumeindum sem geta tengst saman og myndað sameindir
- geri athuganir sem sýna að massi efna varðveitist við efnabreytingar
- geri athuganir sem sýna að hitaþensla efna er mismunandi
- þekki kenninguna um hreyfingu sameindanna, þ.e. að hiti er mælikvarði á hreyfiorku sameindanna
- skilji tengslin á milli hitaþenslu efna og hreyfingar frumeinda og sameinda
- geri tilraunir sem sýna að leysni efna fer m.a. eftir hitastigi
- þekki hvað átt er við með hugtökunum felling og mettun
- fjalli um hvernig menn hafa nýtt sér þekkingu sína á áhrifum hita á efni í daglegu lífi
- geri tilraun þar sem borin eru saman áhrif einangrunar efnis á hraða kælingar með því að mæla hitastig og tíma.

Kennsluhættir

Náttúrugreinar eru kenndar í þemum. Eitt fag er tekið fyrir í einu. Hvert þema stendur yfir í 3 til 6 vikur.

Flestum þemum fylgir þemabók sem tengist efninu. Nemendur búa til áætlun og lesa bókina heima. Oft fylgja spurningar, hugarkort eða verkefnablöð heimavinnunni.

Nemendur vinna með fróðleik úr þemabókum í skólanum með ýmsum hætti. Reynt er að hafa verkefnin bæði bókleg og verkleg t.d. að framkvæma tilraunir, skrifa skýrslur um þær, útbúa veggspjöld, vinnubækur, listaverk, undirbúa kynningar og flytja þær fyrir aðra nemendur og foreldra.

Öllum verkefnum er safnað í þemabækur sem eru bundnar inn í lok hvers þema.

Í flestum þemum vinna nemendur hópaverkefni. Í hópaverkefnum fá nemendur tækifæri á að kynna sér eitthvað tengt efninu nánar og gerast sérfræðingar í því. Í lok þemans eru verkefnin kynnt fyrir bekknum, foreldrum eða öðrum árgöngum í skólanum. Nemendur fá nokkuð frjálst val í framsetningu verkefna. Þeir geta m.a. búið til:

- Leikþætti
- bæklinga
- útvarpsþætti
- myndbönd
- veggspjöld
- líkön
- sjónvarpsþætti
- glærusýningar
- fræðslukassa
- bækur, o.s.frv.

Í þemanu eru verklegir tímar og fer það eftir viðfangefni hverju sinni hvað er gert.

Nemendur fá tækifæri í hverju þema til þess að vera skapandi í vinnu sinni. Sú vinna er mismunandi eftir þemum. Nemendur búa ýmislegt til, dæmi:

- forsiður á vinnubækur sínar
- myndir sem tengjast þemanu
- myndbönd
- veggspjöld
- spil
- bækur
- líkön, o.fl.

Hringekjur eru reglulega þar sem nemendum er skipt í hópa og þeir fara á milli stöðva og leysa verkefni tengd þeimum.

Einu sinni í viku er útikennsla þar sem nemendur takast á við verkefni úti. Nemendur fást við alls konar þematengd verkefni úti, t.d.

- fara í ratleiki
- vinna verkefni á mismunandi stöðvum
- fara í heimsóknir
- fara í hjólaferðir
- fara í ferðir og skoða nágrenni Garðabæjar
- elda og baka
- fara í leiki
- framkvæma tilraunir, o.s.frv

Nemendur spila stundum námsspil eða búa til spil úr þemanu og spila það saman.

Nemendur búa einnig til leikrit, stuttmyndir og jafnvel kvikmyndir úr námsefninu.

Námsefni

- Frá Róm til Þingvalla
- Veður
- Auðvitað 2 og 3
- Líkaminn, Maðurinn – hugur og heilsa
- Evrópa, Evrópa – álfan okkar
- Fjölbreytt efni af netinu

Námsmat

- Könnun er í lok hvers þema
- Verklegir þættir eru metnir þegar við á
- Þemabækur eru metnar í lok hvers þema
- Í þeimum er ýmist sjálfsmat, hópamat, kennaramat og/eða foreldramat. Mat er breytilegt eftir hverju þema það fer eftir viðfangsefni og verkefnum hvað mat er hentar.
- Námsmatið er birt á mentor.

Íþróttir 7.bekkur

Markmið

- Að kynna nemendum fyrir hollri og góðri hreyfingu.
- Að auka þol, áræðni, þrek og styrk nemenda.
- Að nemendur vinni saman og beri virðingu fyrir getu hvers annars.
- Að nemendur læri að fara eftir reglum sem gilda í íþróttum.
- Að nemendur fari eftir fyrirmælum.
- Að nemendur taki þátt í umræðu um gildi íþróttar fyrir sál og líkama
- Að nemendur öðlist þekkingu á starfsemi líkamans í tengslum við hreyfingu og ástundun íþróttar
- Að nemendur tileinki sér helstu líkamsæfingar og heiti helstu hreyfinga.
- Að nemendur læri að hafa rétt við í leikjum og geti skorið úr ágreiningi ef upp kemur
- Að nemendur læri að leysa úr ágreiningi sem upp getur komið í íþróttum
- Að nemendur fái jákvæða upplifun með þátttöku í leik að eigin vali eða vali hópsins
- Að nemendur taki þátt í æfingum og leikjum sem innihalda tjáningu af ýmsum toga
- Að nemendur þjálfist í að bera sameiginlega ábyrgð á skipulagi og framkvæmd
- Að nemendur fái jákvæða upplifun af íþróttaiðkun utanhúss
- Að nemendur taki þátt í umræðu um heilbrigðan lífsstíl.
- Að nemendur taki þátt í umræðu um áhrif þjálfunar á líkama og heilsu

Tímafjöldi

1 tími á viku/60 mínútur á viku

Kennsluhættir

Kennslan fer fram m.a. í formi samvirks náms, stöðvabjálfunar, hreyfistöðva, þrautabrauta, hlaupaleikja, boltaleikja, íþróttagreina, dans og hreyfitjáningar. Farið er eftir markmiðum Aðalnámskrár Grunnskóla, íþróttir, líkams- og heilsurækt. Skíðaferð einu sinni á ári. Að vori er áætlað að ganga á ákveðið fjall með nemendum.

Áhöld/kennsluaðstaða

Nýtt eru öll þau áhöld/tæki (inni og úti) sem eru til í skólanum og á skólalóðinni. Á haustin er kennt sem mest úti og farið inn þegar veður fer að versna. Eftir páskafrí færist kenningin að mestu út. Innitímarnir fara fram í íþróttahúsinu í Sjálandsskóla.

Námsmat

- Stöðvaþjálfun
- Prófað úr ýmsum íþróttagreinum
- Útihlaup á tíma
- Píptest – staðlað hlaupa þolpróf
- Samvinna
- Fara eftir reglum í leikjum
- Hegðun
- Mæting

Heimavinna

Ef nemendur eiga í erfiðleikum með að framkvæma ákveðna hluti þá er haft samband við foreldra og sameiginleg lausn fundin á málinu.

Sund 7. bekkur

Hæfniviðmið

- Að nemendur læri sunnaðferðirnar bringu-, skrið-, bak-, skólabak-, flug- og björgunarsund.
- Að nemendur fái jákvæða upplifun af sundiðkun og geti nýtt sér sund sér til heilsubótar í framtíðinni.
- Að nemendur læri að vinna saman og beri virðingu fyrir getu hvers annars.
- Að nemendur efli leikni, styrk og þol.
- Að nemendur sýni virðingu og góða framkomu hvort sem leikur vinnst eða tapast.
- Að nemendur átti sig á mikilvægi leikreglna.
- Að nemendur átti sig á mikilvægi hreinlætis tengt sundiðkun.
- Að nemendur tileinki sér hugtök tengt sundiðkun.
- Að nemendur geti nýtt sér niðurstöður prófa til að setja sér markmið.
- Að nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi öryggis- og umgengnisreglna.
- Að nemendur geti bjargað jafningja á sundi stutta sundleið.

Kennsluhættir

Nemendum er stundum skipt á fjórar brautir ýmist eftir verkefnum, getu eða félagatengslum. Nemendur þjálfast mikið í sunndaferðunum í gegnum leiki og æfingar. Nemendur vinna sér inn frjálsan tíma með góðri hegðun sem er á 5 – 6 vikna fresti. Lögð er áhersla á kurteisi, góða hegðun, sjálfstæði og samvinnu. Sundið er kennt einu sinni í viku 40 mínútur í senn allt skólaárið.

Kennsluaðstaða/ áhöld

Sundið er kennt í 12,5 m innisundlaug í Sjálandsskóla. Þau áhöld sem notuð eru við kennslu eru: Sundflár, sundblöðkur, sundnúðlur, hringir, ýmsar tegundir bolta og ýmis önnur áhöld.

Námsmarkmið

Fyrir foreldraviðtöl á haustönn gera nemendur líðankönnun sem send er heim í mentor. Í desember og júní fá nemendur birt námsmat í mentor. Eftirfarandi atriði sem varða hæfniviðmið í líkamsvitund, leikni og afkastagetu eru metin í 7. bekk:

- 300m bringusund, tímalágmörk 10 mínútur
- 50m bringusund, tímalágmörk 74 sekúndur.
- 25m skriðsund, tímalágmörk 32 sekúndur.
- 25m skólabaksund – stílsund
- 25m bringsund – stílsund
- 25m skriðsund – stílsund
- 25m baksund – stílsund
- 8m kafund – stílsund
- 15m björgunarsund með jafningja – stílsund

Nemendur hafa lokið 7. sundstigi nái þeir öllum fyrrgreindum atriðum.

Eftirfarandi atriði sem varða félagslegabætti eru metin í 7. bekk og birt í lykilhæfni í mentor fyrir foreldraviðtal á vorönn:

- Samvinna
- Áhugi/virkni
- Sjálfstæði í vinnubrögðum

- Framkoma/hegðun
- Fara eftir fyriræmælum
- Mæting

Heimavinna

Þeir sem þurfa meiri æfingu í sundi fá leiðbeiningar um það og jafnvel aukatíma.

Textílmennt 7. bekkur

Hæfniviðmið

Að nemendur geti:

- þrætt saumavél
- unnið verkefni í vélsaumi
- unnið verkefni í þrjóni
- fylgt vinnuleiðbeiningum
- notað eigin hugmyndir í útfærslur á verkefnum
- notað hugtök og heiti sem tengjast greininni
- tjáð sig um verkefni sín, ferlið og afurðina
- notað fjölbreyttar mælieiningar

Kennsluhættir:

Reynt er að hafa verkefni fjölbreytt og þannig úr garði gerð að þau bjóði upp á fjölbreyttar útfærslur. Verkefnunum er ætlað að mæta hverjum nemanda þar sem hann er staddur og styðja hann í að auka færni sína í greininni.

Verkefni eru gjarnan kynnt nemendum á fjölbreyttan hátt, þá er stutt sýnikennsla og loks gengur kennari á milli og aðstoðar nemendur. Nemendur eru einnig hvattir til að hjálpa hvorum öðrum.

Rík áhersla er á að nemendur fái jákvæða upplifun af greininni, þroski og efli sköpunargleði sína og verði jafnvel forvitnari um heiminn í kringum sig.

Námsmat:

Hæfni nemandans er metin jafnt og þétt yfir skólaárið og skiptist í lykilhæfni (náms hæfni) og hæfniviðmið tengd markmiðum textílmenntar og er hvoru tveggja er birt á Mentor.

Hæfniviðmiðin eru unnin út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá grunnskólanna. Þau eru áþekk hjá öllum nemendum á miðstigi, en þó liggja aðrir þættir á bak við hvert viðmið.

Nemendur eru metnir á fjögurra bila kvarða líkt og í öðrum námsgreinum skólans. Þau eru:

- Framúrskarandi hæfni
- Góð hæfni
- Sæmileg hæfni
- Ófullnægjandi hæfni

Tímafjöldi:

Kennt er 3 í viku, í 3-5 vikna lotum þar sem nemendur fá tvær lotur í hverri listgrein 2 á vetri. Hópnun er skipt í 3 minni hópa, um 10 nemendur í hóp.

Hönnun og smíði 7. bekkur

Hæfniviðmið

Að nemendur:

- Sýni ábyrga umgengni fari eftir reglum og öryggisatriðum smíðastofunnar
- Þjálfari með sér sjálfstæð vinnubrögð
- Þroski með sér þolinmæði til vandaðrar vinnu
- Geti hannað og smíða hlut eftir eigin hugmynd og teikningu
- Kynnist mismunandi efnistegundum við hönnun og smíði, geti gert grein fyrir því efni sem þeir fá í hendur og nýtt það vel
- Þekki, velji og noti helstu verkfæri og mælitæki sem smíðastofan hefur upp á að bjóða á réttan hátt
- Geti valið og notað yfirborðsefni við hæfi verkefna sinna
- Sýni sjálfstæði í vinnubrögðum og átti sig á mikilvgi þess að hugsa lausnir áður framkvæmdin hefst

- Þjálfist í samvinnu og mikilvægi góðrar umgengni og frágangi um vinnuaðstöðu, verkfæri, áhöld, verkefni sín og annara
- Efli frumkvæði, skapandi vinnu

Kennsluhættir:

Reynt er að hafa verkefni fjölbreytt og þannig úr garði gerð að þau bjóði upp á fjölbreyttar útfærslur. Verkefnunum er ætlað að mæta hverjum nemanda þar sem hann er staddur og styðja hann í að auka færni sína í greininni.

Verkefni eru gjarnan kynnt nemendum með myndum, tilbúnum hlutum og spjalli, þá er stutt sýnikennsla og loks gengur kennari á milli og aðstoðar nemendur. Nemendur eru einnig hvattir til að hjálpa hvorum öðrum.

Rík áhersla er lögð á að nemendur fái jákvæða upplifun af greininni, þroski og efli sköpunargleði sína og verði jafnvel forvitnari um heiminn í kringum sig.

Námsmat:

Hæfni nemandans er metin jafnt og þétt yfir skólaárið og skiptist í lykilhæfni (náms-hæfni) og hæfniviðmið tengd markmiðum hönnunar og smíði og er hvoru tveggja er birt á Mentor.

Hæfniviðmiðin eru unnin út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá grunnskólanna. Þau eru áþekk hjá öllum nemendum á miðstigi, en þó liggja aðrir þættir á bak við hvert viðmið.

Nemendur eru metnir á fjögurra bila kvarða líkt og í öðrum námsgreinum skólans. Þau eru:

- Framúrskarandi hæfni
- Góð hæfni
- Sæmileg hæfni
- Ófullnægjandi hæfni

Tímafjöldi:

Kennt er 3 í viku, í 3-5 vikna lotum þar sem nemendur fá tvær lotur í hverri listgrein á vetri. Hópnunum er skipt í 3 minni hópa, um 10 nemendur í hóp.

Myndmennt 7. bekkur

Hæfniviðmið

Að nemendur geti:

- unnið með grunnform og þekki samhengi þeirra í tvívídd og þrívídd
- unnið í litafærði með áherslu á litatóna
- geti unnið með hönnun frá hugmyndavinnu að afurð
- unnið verkefni tengt listasögu og geti unnið verk í anda stefnunnar
- teiknað uppstillingu og áherslu á form og myndbyggingu
- unnið myndverk út frá eigin upplifun
- unnið skapandi vinnu sem tengist þeim

Kennsluhættir:

Reynt er að hafa verkefni fjölbreytt og þannig úr garði gerð að þau bjóði upp á fjölbreyttar útfærslur. Verkefnunum er ætlað að mæta hverjum nemanda þar sem hann er staddur og styðja hann í að auka færni sína í greininni.

Verkefni eru yfirleitt kynnt nemendum með myndum, spjalli og stuttri sýnikennslu.

Kennari gengur svo á milli og aðstoðar nemendur. Nemendur eru einnig hvattir til að hjálpa hvorum öðrum.

Rík áhersla er á að nemendur fái jákvæða upplifun af greininni, þroski og efli sköpunargleði sína og verði jafnvel forvitnari um heiminn í kringum sig.

Námsmat:

Hæfni nemandans er metin jafnt og þétt yfir skólaárið og skiptist í lykilhæfni (náms-hæfni) og hæfniviðmið tengd markmiðum myndmenntar og er hvoru tveggja er birt á Mentor.

Hæfniviðmiðin eru unnin út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá grunnskólanna. Þau eru áþekk hjá öllum nemendum á yngsta stigi, en þó liggja aðrir þættir á bak við hvert viðmið.

Nemendur eru metnir á fjögurra bila kvarða líkt og í öðrum námsgreinum skólans. Þau eru:

- Framúrskarandi hæfni
- Góð hæfni
- Sæmileg hæfni

- Ófullnægjandi hæfni

Tímafjöldi:

Kennt er 3 í viku, í 3-5 vikna lotum þar sem nemendur fá tvær lotur í hverri listgrein 2 á vetri. Hópnum er skipt í 3 minni hópa, um 10 nemendur í hóp.

Tónmennt í 7. bekk

Hæfniviðmið

Að nemandinn geti:

- nefnt hljóðfæraflokka símfóníuhljómsveitar og helstu hljóðfæri innan hvers flokks
- valið hljóðfæri og hljóðblæ við hæfi í eigin tónsköpun
- greint einstaka þætti tónlistar eins og hljóðfæri, hraða, styrk og blæ og notað við eigin sköpun og flutning
- nefnt nokkur kvikmyndatónskáld og þekki valin verk þeirra
- beitt eigin rödd á viðeigandi hátt í ólíkum raddverkum og söng, bæði í eigin verkum og annarra
- notað upptöku- og hljóðbútaforrit við tónsköpun og hljóðritun
- spunnið á skólahljóðfæri við undirleik
- samið hringitón eftir ákveðnum leiðbeiningum
- samið og leikið þrástef og notað það í stærra verk
- samið kvikmyndatónlist sem túlkar það sem er að gerast í tilteknu atriði
- spilað hljóma á hljóðfæri sem undirleik fyrir söng eða spuna
- fjallað um kvikmyndatónlist og tilgang hennar
- greint og metið eigin tónsmíðar og skólasystkina sinna af sanngirni

Kennsluhættir

Mikil áhersla er lögð á sköpun og að vinna með hæfniviðmiðin í gegnum sköpun. Unnið er með frumþætti tónlistar eins og styrk, hraða, blæ og form í gegnum ólík tónsköpunarverkefni. Haldið er áfram að vinna með röddina í gegnum söng, bæði á eigin verkum en fyrst og fremst annarra. Nemendur kynnast kvikmyndatónlist með því að kynnast verkum þekktra kvikmyndatónskálda en einnig í gegnum eigin sköpun. Hljóðfæri eru mikið notuð við undirleik og flutning á eigin verkum, bæði hefðbundin

skólahljóðfæri en einnig þau hljóðfæri sem nemendur eru að læra á og eiga, sem og tölvuhljóðfæri.

Námsgögn

- skólahljóðfæri, önnur hljóðfæri og aðrir hljóðgjafar s.s. líkaminn og hlutir úr náttúrunni
- námsefnið: Það er gaman að hlusta á kvikmyndatónlist
- myndbönd og kvikmyndir
- geisladiskar og tónlist af netinu
- einfaldar hljóðfæraútsetningar
- annað námsefni útbúið af kennara

Námsmat

Nám nemenda er metið með símati, frammistöðumati, skriflegum könnunum og verkefnum auk sjálfsmats og jafningjamats. Videoupptökur eru notaðar til að meta flutning nemenda. Tónsköpun og spuni nemenda eru tekin upp og metin. Þekkingaratriði eru metin með skriflegum könnunum og verkefnum unnum í tímum. Tvisvar á vetri fá nemendur afhent námsmat í tónmennt þar sem hæfniviðmiðin eru útlistuð með eftirfarandi skala:

- A – Framúrskarandi hæfni
- B – Góð hæfni
- C – Sæmileg hæfni
- D – Ófullnægjandi hæfni

Upplýsinga og tæknimennt 7. bekkur

Hæfniviðmið

Hæfniviðmiðin eru sett fram í fimm flokkum, 1) vinnulag og vinnubrögð, 2) upplýsingaöflun og úrvinnsla, 3) tækni og búnaður, 4)sköpun og miðlun og 5) siðferði og öryggismál. Þrátt fyrir þessa flokkun er litið á þau sem eina heild í kennslunni.

Við lok 7. bekkjar á nemandi:

- að þekkja helstu hluta tölvu og tileinki sér íslenskan orðaforða þar um
- að hafa lært grunnatriði í meðferð og notkun tölvu

- að geta vistað skjöl og ná í vistuð skjöl
- að kunna grunnatriði í fingrasetningu á tölvu
- að geta nýtt upplýsingaver, til gagns bæði í stýrðu námi og á eigin forsendum
- að geta nýtt sér kennsluforrit og gagnvirkt námsefni á fjölbreyttan hátt
- að geta sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum
- að geta nýtt sér mismunandi tæknibúnað og fundið fjölbreyttar leiðir og leitarvélur við öflun upplýsinga
- að vera gagnrýninn á gæði upplýsinga
- að geta unnið með heimildir á ábyrgan hátt og sett fram einfalda heimildaskrá
- að geta nýtt sér ýmis forrit, s.s. Word, Publisher, Excel, Power Point ofl. við gerð einfaldra verkefna, s.s. í ritun, bæklingagerðar og við framsetningu tölulegra gagna
- að geta nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, gerð stuttmynda og hljóð- og tónvinnslu
- að verða óhræddur við að þreifa sig áfram og auka við eigin þekkingu á tölvutækni
- að hafa tileinkað sér jákvætt viðhorf til tölva og þjálfist í að umgangast þær sem sjálfsögð verkfæri
- að kunna að fara eftir reglum um ábyrga netnotkun, vera meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra og taka ábyrgð á eigin samskiptum og gögnum á netinu.

Kennsluhættir

Nemendur fá kennslu í upplýsinga- og tæknimennt í hverri viku, 60 mínútur í senn. Kennlustundir hefjast flestar á innlögnum og stundum sýnikennslu fyrir alla nemendur en eftir það fara nemendur til vinnu og vinna á sínum hraða. Tölvukennsla fer einnig fram í gegnum þemaverkefni, tungumálakennslu ofl.

Námsefni

- Ritvinnslusíður, s.s. typing master, 10 fast fingers ofl.
- Kennsluforrit á tölvum skólans
- Office forritin
- nams.is (ýmis forrit og námsefni á vef Námsgagnastofnunar)
- Vefurinn (ýmsir námsleikir, upplýsingasíður, vefsíðugerð o.fl.)
- Ýmis forrit á i-pad, t.d. Simple mind, Bitsboard ofl.

Námsmat

- Símat kennara á vinnubrögðum, frágangi og virkni nemenda
- Sjálfsmat